

Stofnanasamningur

Ljósmeðrafélag Íslands (LMFÍ) annars vegar og Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins (HH) hins vegar gera með sér eftirfarandi stofnanasamning skv. ákvæðum kjarasamnings fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs og Ljósmeðrafélags Íslands.

1. Gildissvið

Stofnanasamningur þessi nær til allra ljósmeðra sem starfa á HH og njóta ráðningakjara samkvæmt gildandi kjarasamningi Ljósmeðrafélags Íslands og fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs.

2. Markmið

Aðilar eru sammála um eftirfarandi markmið með samningi þessum:

- Að styðja við framsækna starfsmannastefnu þar sem m.a. er tekið tillit til jafnréttis- og fjölskyldusjónarmiða.
- Að tryggja stofnuninni hæft starfsfólk í góðu og eftirsóknarverðu starfsumhverfi.
- Að launakerfið sé sveigjanlegt og ákvarðanir um launaröðun séu teknar með málefnalegum og gagnsæjum hætti.
- Að launakerfið taki mið af þörfum, verkefnum og markmiðum Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, hvetji til árangurs.
- Að launakerfið ýti undir að ljósmeður auki við hæfni sína og þróist í starfi.

3. Framkvæmd röðunar og mats

Við framkvæmd á samningi þessum skal byggja á grunnforsendum kjarasamnings og horft til staðsetningar starfa í skipuriti stofnunarinnar, eðli starfs, ábyrgð og umfangs. Miða skal við að um sé að ræða viðvarandi/stöðugt verksemi. Röðun skal byggð á hlutlægum mælikvörðum eftir því sem unnt er. Gæta skal samræmis þegar störfum/ljósmeðrum á mismunandi einingum HH er raðað.

4. Starfaflokkun og röðun

Framangreind röðun byggir á hæfni/reynslu ljósmeður auk ábyrgðarlýsingar starfs og stöðu starfs í skipuriti. Starfsaldursviðmið taka mið af reglum starfsþróunarkerfis ljósmeðra á HH og miðast við fagreynslu. Metinn er starfsaldur utan HH í starfi ljósmeður og hjúkrunarfræðings gegn starfsvottorði. Flutningur innan og á milli starfslýsinga, sjá reglur um starfsþróunarkerfi ljósmeðra í fylgiskjali 1.

Störf sem ljósmeður sinna á heilsugæslustöðvum eru meðravernd, leghálsskimanir, ungbarnavernd, getnaðarvarnaráðgjöf og önnur störf sem þeim eru falin af yfirmanni.

Vegna breytinga og þróunar á starfsviði ljósmeðra eða starfsemi HH geta orðið til ný störf sem ekki falla að starfaflokkun þessari sem þarf að raða sérstaklega.

Ljós móðir C1-C2:

Ljós móðir á fyrsta ári í starfi. Stjórnar, ákveður, skipuleggur og framkvæmir starf sitt og þau verkefni sem því fylgja. Tekur virkan þátt í þróun fags á sinni starfsstöð og er þátttakandi í gæða- og umbótastarfi. Skipuleggur og veitir þjónustu til skjólstæðinga og aðstandenda.

Ljós móðir C3-C4

Er fær í starfi. Stjórnar, ákveður, skipuleggur og framkvæmir starf sitt og þau verkefni sem því fylgja. Skipuleggur og veitir þjónustu til skjólstæðinga og aðstandenda, auk þess að leiðbeina samstarfsmönnum og nemum. Tekur virkan þátt í þróun fags á sinni starfsstöð og er þátttakandi í gæða- og umbótastarfi.

Ljós móðir D1-D4:

Er mjög vel fær í starfi. Skipuleggur kennslu nemenda og leiðbeinir starfsfólki og nemum. Er fulltrúi starfsstöðvar, fagsviðs eða stofnunar í stjórnun, nefndum og ráðum sem vinna að málefnum skjólstæðinga og stofnunar. Tekur virkan þátt í þróun skipulags og stjórnun starfsstöðvar. Hefur umsjón með starfsstöð þar sem það á við. Tekur að sér sérverkefni í samráði við yfirmann.

Ljós móðir E1:

Er afburða fær í starfi og leiðandi í gagnreyndum starfsháttum. Innleiðir nýjungar á sinni starfsstöð og leiðir þróun fags, gæðastarf og rannsóknarvinnu í samráði við yfirmann. Stjórnar og skipuleggur ljós móðurþjónustu á sinni starfsstöð í samráði við sinn yfirmann. Metur árangur af þjónustu. Er ráðgefandi varðandi fagleg málefni innan og utan sinnar starfsstöðvar. Skipuleggur kennslu á fagsviði. Tekur virkan þátt í þróun fags, gæða- og umbótastarfi, og þróun ljósmæðraþjónustu innan og utan starfsstöðvar.

Ljós móðir E2:

Er afburða fær í starfi og leiðandi í gagnreyndum starfsháttum. Hefur umsjón með umbótaverkefnum og innleiðir nýjungar á stofnun. Tekur virkan þátt í þróun fags, gæðastarfi og rannsóknarvinnu stofnunar. Stjórnar og skipuleggur ljós móðurþjónustu í samráði við sinn yfirmann. Metur árangur af þjónustu. Er ráðgefandi varðandi fagleg málefni innan og utan stofnunar. Skipuleggur kennslu á fagsviði.

Sérfræðiljós móðir

Starf samkvæmt sérstakri starfslýsingu þar sem gerð er krafa um sérfræðileysi frá embætti landlæknis í viðkomandi fræðigrein á fagsviði starfs. Nánari skilgreiningu starfs er að finna í starfslýsingu.

Samið er sérstaklega við sérfræðiljós mæður, leiðtoga og aðra stjórnendur og tekið skal mið af sambærilegum störfum annarra stétta innan stofnunarinnar.

Starfaflokkur	Launaflokkur og þrep
Ljós móðir C1 (nýútskrifuð án meistaraprófs)	13-2
Ljós móðir C2 (nýútskrifuð með meistarapróf)	13-2
Ljós móðir C3	13-3
Ljós móðir C4	13-3
Ljós móðir D1	13-4
Ljós móðir D2	14-3
Ljós móðir D3	14-4
Ljós móðir D4	15-4
Ljós móðir E1	16-4
Ljós móðir E2	17-4

5. Mat á persónubundnum þáttum

5.1 Viðbótarmenntun er metin á láréttum ás. Um er að ræða mat á formlegu framhaldsnámi, til viðbótar við starfsréttindi sem ljós móðir og er ekki þegar metin við grunnröðun starfsins. Menntunin þarf að nýtast í starfi og því miðað við að hún sé á fagsviði viðkomandi.

30 ECTS einingar eða 180 kennslustundir..... 1. þrep
60 ECTS einingar eða 360 kennslustundir..... 2. þrep
Meistarapróf 90-120 ECTS einingar4. þrep
Doktorspróf 6. þrep

Samkvæmt þessu getur ljós móðir hækkað um allt að 6 álagsþrep til viðbótar við grunnröðun starfs.

5.2 Starfsþróun Ljós mæður geta sótt um starfsþróun skv. reglum um starfsþróunarkerfi ljós mæðra innan HH, sjá reglur um starfsþróunarkerfi ljós mæðra í fylgiskjali 1.

Ljós móðir sem hefur áunnið sér hækkun, vegna persónubundinna þátta o.fl. ofan á grunnlaunatölu launaflokks sem er umfram 8 álagsþrep færast í næstu launatölu í næsta launaflokki fyrir ofan.

6. Réttur til endurmats á röðun

Ljós móðir á rétt á að fara fram á það við yfirmann að röðun starfs verði metin með tilliti til starfslýsingar. Við slíkt mat skal taka tillit til breytingar á starfinu og starfssvið frá því að það var metið síðast. Heimilt er ljós móður að leita álit framkvæmdastjóra hjúkrunar og mannauðssviðs sé viðkomandi ekki sáttur við niðurstöðu mats yfirmanns.

Ágreiningsmálum skal skotið til samstarfsnefndar, sbr. 11. kafla kjarasamnings.

7. Sérstakt tímabundið álag/verkefni

Heimilt er að gera samning við ljós mæður sem taka að sér sérstök verkefni sem fela í sér tímabundið álag. Í slíkum tilvikum skal gera skriflega viðbótarsamning við ljós mæður um tímabundna hækkun launa í formi álagsþrepa, eingreiðslna eða auka yfirvinnutíma. Samningar sem þessir taka til tímabundinna verka sem krefjast aukinnar ábyrgðar t.d. verkefnastjórnun, þátttöku í nefndum, sérstök álags-tímabil og manneklu.

8. Gildistaka

Við gildistöku þessa samnings falla úr gildi eldri stofnanasamningar, bókanir og aðrar viðbætur. Samningur þessi gildir frá 1. febrúar 2024.

Reykjavík 16. október 2024

Fylgiskjal 1

Reglur um starfsþróunarkerfi ljósmæðra innan stofnanasamnings Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og Ljósmæðrafélags Íslands Fylgiskjal við stofnanasamning dags. 16.10.2024

Frá 1. febrúar 2024 gilda eftirfarandi reglur um launasetningu ljósmæðra innan HH. Frá sama tíma falla niður eldri reglur um launasetningu ljósmæðra.

Reglurnar byggja á samþykkt samstarfsnefndar HH og LMFÍ.

Mat á fagreynslu og starfsþróun ljósmæðra

Við mat á fagreynslu (starf hjúkrunarfræðings og ljósmóður) í starfslýsingu skal miða við eftirfarandi reglur. Miðað er við ráðningarstarfshlutfall. Yfirvinna telst ekki inn í útreikning á stöðugildismánuðum.

- <50% starfshlutfall – hálfur stöðugildismánuður
- 50-100% starfshlutfall – heill stöðugildismánuður
- Fagreynsla sem hjúkrunarfræðingur/ljósmóðir hjá stofnunum ríkis, sveitarfélögum og sjálfseignarstofnunum, einkareknum heilbrigðisstofnunum innanlands og heilbrigðisstofnunum erlendis er metin til jafns við reynslu innan heilsugæslunnar við launaröðun, skili starfsmaður inn viðurkenndu starfsvottorði frá fyrri vinnuveitendum.
- Við mat á starfsaldri ljósmæðra er tekið tillit til starfa í eftirfarandi starfsheitunum hjúkrunarnemi (lokið námi, vantar starfsleyfi), hjúkrunarfræðingur, ljósmóðurnemi, ljósmóðir.

Við ráðningu þarf ljósmóðir að skila inn gögnum um starfsþróun og starfsaldur eða staðfestingu um röðun í starfsþróunarkerfi frá annarri heilbrigðisstofnun. Starfsvottorðum skal skilað á íslensku, ensku eða norðurlandamáli til næsta yfirmanns sem kemur þeim til mannauðssviðs/launadeildar.

Skili ljósmóðir ekki inn starfsvottorði eða gögnum um starfsþróun raðast viðkomandi í starfslýsingu C1 eða C2. Launasetning tekur gildi næstu mánaðarmót eftir að gögnum er skilað inn.

Almennar röðunarreglur

Röðun ljósmæðra í starfsheiti miðast við færni, hæfni og starfaldur og er sameiginleg ábyrgð viðkomandi starfsmanns og næsta yfirmanns.

Það er á ábyrgð ljósmæðra að sinna starfsþróun í formi sí- og endurmenntunar og skal viðmið vera 40 klst. á ári. Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins kemur til móts við óskir ljósmæðra um starfsþróun á vinnutíma eins og hægt er.

Ferli starfsþróunar

Starfslýsingar eru þrjár hjá almennum ljósmæðrum C, D og E og farið er í skrefum í gegnum töfluna á eftirfarandi hátt

C1	C2	C3	C4	D1	D2	D3	D4	E1	E2
→	→	→	→	→	→	→	→	→	
13-2	13-2	13-3	13-3	13-4	14-3	14-4	15-4	16-4	17-4

- Til að færast til innan starfslýsinga sendir ljósmóðir gögn til næsta yfirmanns sem staðfesta starfsþróun þar sem fram kemur heiti námskeiðs, tímafjöldi, dagsetningar og fl. Afrit af skjali sem sannar þátttöku þarf að fylgja með. Yfirmaður metur og sendir áfram til launadeildar.
- Til að færast til á milli starfslýsinga/starfaflokka er sótt um starfsþróun til næsta yfirmanns á sérstöku eyðublaði ásamt staðfestingu á starfsþróun þar sem fram kemur heiti námskeiðs, tímafjöldi, dagsetningar og fl. Afrit af skjali sem sannar þátttöku þarf að fylgja með. Næsti yfirmaður metur og sendir umsókn til framkvæmdarstjóra hjúkrunar og mannauðs til samþykktar.
- Ef umsókn um færslu milli þrepa eða starfslýsinga er samþykkt gildir hún frá næstu mánaðarmótum eftir að umsókn er skilað inn.

Nánar um starfsþróun

Fjölbreytt námskeið sem tengjast ljósmóðurstörfum og nýtast í starfi eru metin. Dæmi um starfsþróun sem nýtist ljósmæðrum eru námskeið um hugræna atferlismeðferð, námskeið um áhugahvetjandi samtal, námskeið um brjóstagjöf, Solihull aðferðin, Newborn Behavioral Observation (NBO), námskeið um svefnráðgjöf, námskeið um getnaðarvarnir, námskeið um mat og skoðun á nýbura, þátttaka í innlendum og erlendum ráðstefnum og fræðsludögum sem tengjast fagsviði.

Áhrif orlofs, fæðingarorlofs og annarra leyfa á færslu milli starfslýsinga.

- Tími í orlofi telst til fagreynslu.
- Tími í lögbundnu fæðingarorlofi telst til fagreynslu.
- Kauplaust leyfi í kjölfar fæðingarorlofs telst **ekki** til fagreynslu.
- Ólaunuð leyfi teljast **ekki** til fagreynslu.

Meðferð vafamála

Sé ljósmóðir ósátt við röðun eða meðferð umsóknar um færslu á milli þrepa eða starfslýsinga getur hún beint erindi sínu til mannauðssviðs sem tekur málið til skoðunar. Ef ljósmóðir er ósátt við afgreiðslu Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins getur hún vísað vafamálum til samstarfsnefndar Ljósmæðrafélags Íslands og Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins.

C	STARFSÞRÓUN			
	C1 - 13-2	C2 - 13-2 Tilfærsla gerð að uppfylltum skilyrðum > 12 mán í fyrra skrefi í > 50% starfi > 24 mán í fyrra skrefi í < 50% starfi - Lokið 40 klst starfsþróun frá fyrra skrefi	C3 - 13-3 Tilfærsla gerð að uppfylltum skilyrðum > 12 mán í fyrra skrefi í > 50% starfi > 24 mán í fyrra skrefi í < 50% starfi - Lokið 40 klst starfsþróun frá fyrra skrefi	C4 - 13-3 Tilfærsla gerð að uppfylltum skilyrðum > 12 mán í fyrra skrefi í > 50% starfi > 24 mán í fyrra skrefi í < 50% starfi - Lokið 40 klst starfsþróun frá fyrra skrefi
	MAT VIÐ RÁÐNINGU			
	Nýútskrifuð án meistaraþrófs	Nýútskrifuð með meistaraþróf eða > 24 mánaða starfsreynsla í > 50% starfi > 48 mánaða starfsreynsla í < 50% starfi - Lokið 40 klst starfsþróun á ári	> 36 mánaða starfsreynsla í > 50% starfi > 72 mánaða starfsreynsla í < 50% starfi - Lokið 40 klst starfsþróun á ári	> 48 mánaða starfsreynsla í > 50% starfi > 96 mánaða starfsreynsla í < 50% starfi - Lokið 40 klst starfsþróun á ári
D	STARFSÞRÓUN			
	D1 - 13-4 Sótt um flutning á milli starfslýsinga > 12 mán í fyrra skrefi í > 50% starfi > 24 mán í fyrra skrefi í < 50% starfi - Lokið 40 klst starfsþróun frá fyrra skrefi - Uppfyllir hæfniviðmið starfslýsingar	D2 - 14-3 Tilfærsla gerð að uppfylltum skilyrðum > 12 mán í fyrra skrefi í > 50% starfi > 24 mán í fyrra skrefi í < 50% starfi - Lokið 40 klst starfsþróun frá fyrra skrefi	D3 - 14-4 Tilfærsla gerð að uppfylltum skilyrðum > 12 mán í fyrra skrefi í > 50% starfi > 24 mán í fyrra skrefi í < 50% starfi - Lokið 40 klst starfsþróun frá fyrra skrefi	D4 - 15-4 Tilfærsla gerð að uppfylltum skilyrðum > 12 mán í fyrra skrefi í > 50% starfi > 24 mán í fyrra skrefi í < 50% starfi - Lokið 40 klst starfsþróun frá fyrra skrefi
	MAT VIÐ RÁÐNINGU			
	> 60 mánaða starfsreynsla í > 50% starfi > 120 mánaða starfsreynsla í < 50% starfi - Lokið 40 klst starfsþróun á ári - Uppfyllir hæfniviðmið	> 72 mánaða starfsreynsla í > 50% starfi > 144 mánaða starfsreynsla í < 50% starfi - Lokið 40 klst starfsþróun á ári - Uppfyllir hæfniviðmið	> 84 mánaða starfsreynsla í > 50% starfi > 168 mánaða starfsreynsla í < 50% starfi - Lokið 40 klst starfsþróun á ári - Uppfyllir hæfniviðmið	> 96 mánaða starfsreynsla í > 50% starfi > 192 mánaða starfsreynsla í < 50% starfi - Lokið 40 klst starfsþróun á ári - Uppfyllir hæfniviðmið
E	STARFSÞRÓUN			
	E1 - 16-4 Sótt um flutning á milli starfslýsinga > 24 mán í fyrra skrefi í > 50% starfi > 48 mán í fyrra skrefi í < 50% starfi - Lokið 40 klst starfsþróun frá fyrra skrefi - Uppfyllir hæfniviðmið starfslýsingar	E2 - 17-4 Sótt um flutning á milli þrepa > 24 mán í fyrra skrefi í > 50% starfi > 48 mán í fyrra skrefi í < 50% starfi - Lokið 40 klst starfsþróun frá fyrra skrefi - Uppfyllir hæfniviðmið starfslýsingar		
	MAT VIÐ RÁÐNINGU			
	> 120 mánaða starfsreynsla í > 50% starfi > 240 mánaða starfsreynsla í < 50% starfi - Lokið 40 klst starfsþróun á ári - Uppfyllir hæfniviðmið starfslýsingar	> 144 mánaða starfsreynsla í > 50% starfi > 288 mánaða starfsreynsla í < 50% starfi - Lokið 40 klst starfsþróun á ári - Uppfyllir hæfniviðmið starfslýsingar		

Undirritunarsíða

Ingunn Sigurgeirsdóttir

Svava Kristín Þorkelsdóttir

Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir

Arngrímur V Angantýsson

Stefán Aðalsteinsson

Unnur Berglind Friðriksdóttir

Anna Guðný Hallgrímsdóttir

Katrín Sif Sigurgeirsdóttir